

GLG-2018-07 Matur og menning í Grímsey

Markmið verkefnisins er að varðveita þá miklu sögu sem Grímsey geymir þegar kemur að matargerð og nýtingu þess hráefnis sem eyjan býr yfir, bæði áður fyrr og í dag. Eyjan er matarkista og eru heimamenn duglegir að borða það sem veiðist hverju sinni og eru meistarar í framreiðslu á grímseyskum mat. Það er hvergi á landinu sem heilt samfélag kemur eins mikið saman og eldar og borðar saman. Þessa þekkingu ber að varðveita og skrá niður svo hún glatist ekki. Afraksturinn verður bók um mat (uppskriftir) og matarmenningu Grímseyjar, hér áður fyrr og nú. Þessi bók yrði liður í kynningu á Grímsey og grímseyskri matarmenningu.

Verkefninu var úthlutað 750.000 kr.- árið 2018.

Upplýsingum úr framvindu- og lokaskýrslum verkefnisins verður bætt hér við eftir því sem verkefninu vindur fram.